



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 2013

VERÐLAUNAAFHENDING Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir í dag, laugardaginn 9. nóvember kl. 15:00, verðlaun og viðurkenningar í ratleik Forvarnarsins 2013. Athöfnin fer fram á Bessastöðum. Verðlaunahafar eru nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum. Meðal gesta verða fjölskyldumeðlimir verðlaunahafa, skólastjórnendur og fulltrúar frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Skátahreyfingunni og öðrum sem standa að Forvarnardegnum.

Forvarnardagurinn byggir á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþróttá- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis.

Víða er vel unnið að forvörnum í skólum landsins og áhersla lögð á heilbriggt tómstundastarf enda hefur frábær árangur náðst í grunnskólunum; einnig hafa framhaldsskólar tekið nokkrum framförum í þessum efnum. Á Forvarnardaginn fóru fram umræður nemenda í grunnskólunum og var leitað eftir hugmyndum þeirra og tillögum um nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eflt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda voru teknar saman og settar í skýrslu sem birtast mun á vefsíðu dagsins, forvarnardagur.is. Þá gafst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþróttá- og ungmennasamtaka. Á vef dagsins er hægt að skoða skýrslur fyrri ára og birtar niðurstöður rannsókna um málefni ungmenna.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðrir aðstandendur dagsins eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn var skipulagður eins og áður með stuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

9. nóvember 2013

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).